

S A M Þ Y K K T**8**
5. apríl

fyrir

ÚTVEGSBANKA ÍSLANDS h.f.**I. KAFLI.****Um nafn félagsins, heimili þess og tilgang.****1. gr.**

Nafn félagsins er Útvegsbanki Íslands h.f.

2. gr.

Heimili félagsins, aðalskrifstofa þess og varnarþing skal vera í Reykjavík. Útbú og umboðsskrifstofur getur félagið haft á þeim stöðum, er framkvæmdarstjórar þess og fulltrúaráð telja þörf á.

Til þess að samþykkt um stofnun útbús eða umboðsskrifstofu sé gild, þurfa að minnsta kosti atkvæði 2 framkvæmdarstjóra og 3 fulltrúaráðsmanna að vera greidd með henni.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að starfrækja banka, er sérstaklega skal styðja sjávarútveg, iðnað og verzlun landsmanna. Bankinn skal nefndur nafni félagsins og fæst hann við öll venjuleg bankastörf eftir því sem nánar er mælt fyrir í reglugjörð hans.

II. KAFLI.**Um hlutaféð í félaginu.****4. gr.**

Hlutafé félagsins er framlag ríkissjóðs til Útvegsbanka Íslands h.f. 1½ milljón króna, samkv. 2. gr. laga nr. 7, 11. marz 1930 og forgangshlutafé í Íslandsbanka samkvæmt 12. gr. sömu laga 5.986.325,00 krónur.

Hlutafé þetta er allt innborgað.

Hlutaféð er allt jafn rétt hátt í félaginu.

Fulltrúaráð félagsins getur að fengnu samþykki fjármálaráðherra ákveðið að hlutafé í félaginu sé aukið um allt að einni milljón króna. Hlutafjárauka þessa skal aflað með hlutafjársofnun innanlands samkvæmt opinberu útboði. Skulu þá núverandi hluthafar látnir sitja fyrir að skrifa sig fyrir nýjum hlutabréfum eftir ákvæðisverði.

8

5. apríl

5. gr.

Fyrir hlutafénu skulu gefin út hlutabréf að nafnverði 25, 50, 100, 200, 1000, 5000 og 50000 krónur í framhaldandi töluröð. Þau skulu hljóða á handhafa og vera undirskrifuð af fulltrúaráði félagsins. Eigandi hlutabréfs getur látið skrásetja það á nafn sitt í bókum bankans.

Halda skal skrá yfir hlutabréf í félaginu og skal þar greina:

1. Útgáfudag hvers hlutabréfs.
2. Nafnverð bréfs, flokk þess og númer.
3. Eigendaskipti að bréfinu, er tilkynnt hafa verið.

6. gr.

Aldrei má félagið kaupa hlutabréf sjálfs sín eða taka þau að veði eða annari tryggingu.

7. gr.

Hlutabréfi hverju fylgir arðmiðar og stofn. Hluthafi getur fengið fleiri arðmiða afhenta eftir þörfum gegn því að skila stofninum.

8. gr.

Nú glatast hlutabréf og arðmiði eða stofn er því heyrir til, og má þá fulltrúaráð félagsins gefa hluthafa út nýtt hlutabréf, arðmiða eða stofn, á hans kostnað, er hann hefir fengið ógildingardóm á hinu glataða.

Fulltrúaráðinu skal heimilt að gefa út til hluthafa nýtt hlutabréf eða arðmiða, án þess að ógildingardóms sé aflað, ef fulltrúaráðið telur nægar sönnur færðar á það, að bréfið eða miðinn hafi eyðilagst, enda nemi nafnverð bréfsins eða upphæð arðmiðans eigi meiru en 200 krónum.

Ef hlutabréf, arðmiði eða stofn skemmist, en þó verður eigi villst um tölu skjalsins eða efni, getur fulltrúaráðið gefið hluthafa út nýtt skjal í staðinn, á hans kostnað, enda skili hann aftur hinu skemmda.

9. gr.

Enginn hluthafi ábyrgist skuldbindingar félagsins fram yfir nafnverð hlutabréfa þeirra, er hann er eigandi að. Þessu ákvæði verður eigi breytt né það fellt niður með neinum ályktunum hluthafafundar.

III. KAFLI.

Um stjórn félagsins.

10. gr.

Stjórn félagsins annast:

- a. Fulltrúaráð,

- b. framkvæmdarstjórn (bankastjórar),
- c. hluthafar á hluthafafundum.

8
5 apríl

A. Um fulltrúaráðið.

11. gr.

Í fulltrúaráði félagsins eru 5 menn, er kosnir skulu á aðalfundi hluthafa með hlutfallskosningu. Fulltrúar skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík að þeim sé auðvelt að sækja fulltrúaráðsfundi hvenær sem er. Eigi þurfa fulltrúar að vera hluthafar í félaginu.

12. gr.

Kjörtími fulltrúa er 4 ár. Af fulltrúum þeim, sem kosnir verða á fyrsta aðalfundi hluthafa skulu ganga úr fulltrúaráðinu, að tveim árum liðnum frá kosningu, þeir 3 fulltrúar, er eftir rétttri hlutfallstölu síðast voru kosnir af hverjum lista, eða af hvorum lista, ef þeir voru tveir. Hinir fulltrúarnir tveir ganga þá úr ráðinu tveim árum síðar. Endurkjósa má fulltrúa.

Nú verður autt sæti í fulltrúaráðinu á milli aðalfunda hluthafa og kýs þá fulltrúaráðið sjálfst mann í hið auða sæti. Sá er kosningu hlýtur, gegnir ekki lengur fulltrúastörfum en til þess að kosning fer fram á næsta aðalfundi hluthafa. Sá, er þá verður kosinn fulltrúi í hið auða sæti, gengur, að því er lengd kjörtímans snertir, alveg í stað þess, er sæti hafði orðið autt eftir.

13. gr.

Fulltrúaráðið kýs sér formann og varaformann úr sínum hóp. Kjörtími þeirra á þessum stöðum er sá tími sem eftir er af kjörtíma þeirra í fulltrúaráðinu þegar þeir eru kosnir. Varaformaður fulltrúaráðs gegnir störfum formanns í forföllum hans.

Formaður fulltrúaráðsins stjórnar fundum þessum. Reglulega fundi skal fulltrúaráðið halda tvisvar í hverjum mánuði, 1. og 15. dag mánaðarins eða næsta virkan dag á eftir, ef 1. eða 15. ber upp á helgidag. Aukafundi skal fulltrúaráðið halda svo oft sem formaður þess telur nauðsynlegt eða meiri hluti ráðsins krefst þess eða framkvæmdarstjórn félagsins óskar þess.

Fundir fulltrúaráðsins skulu haldnir í Reykjavík. Eru þeir lögmatir ef 3 fulltrúar eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykktum þessum eða í reglugerð bankans. Til þess að gild ályktun verði gerð á fulltrúaráðsfundi verða 3 fulltrúar að minnsta kosti að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Þegar jöfn eru atkvæði sker atkvæði formanns úr. Þeir fulltrúar, sem eigi geta komið sjálfir á fund, geta falið öðrum fulltrúa, sem á fundinn kemur, að greiða atkvæði fyrir sína hönd eða sent fundinum atkvæði sín skriflega.

8

14. gr.

5. apríl

Fulltrúaráðið hefir hina æðstu forstöðu félagsins og allra mála þess á hendi og gerir ályktanir fyrir þess hönd, nema þar sem vald til þess er áskilið hluthafafundi eða framkvæmdarstjórn í samþykktum þessum eða í reglugerð bankans.

Fulltrúaráðið kemur fram fyrir félagsins hönd gagnvart dómstólunum, yfirvöldunum og gagnvart þriðja manni.

Allt það sem fulltrúaráðið gefur út frá sér skal undirskrifað af formanni ráðsins og einum hinna fulltrúanna. Félagið ábyrgist allar þær skuldbindingar er fulltrúaráðið gengst undir fyrir þess hönd.

Hver einstakur fulltrúi í fulltrúaráði hefir aðgang að bókum og skjölum bankans til eftirlits, enda hvílir á honum fullkomin þagnarskylda.

Nánari ákvæði um afskipti fulltrúaráðsins af atvinnureksti félagsins skulu sett í reglugerð bankans.

15. gr.

Formaður fulltrúaráðsins hefir 2500.00 krónur í ársþóknun, en hinir fulltrúarnir 1200.00 krónur hver. Auk þess fá allir fulltrúarnir dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni og reiknast dýrtíðaruppbótin með sömu visitölu og dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins, enda hafi aðalfundur eigi ákveðið þeim dýrtíðaruppbót eftir öðrum reglum.

B. Um framkvæmdarstjórnina.

16. gr.

Fulltrúaráðið skipar framkvæmdarstjórn félagsins (bankastjóra), ákveður tölu þeirra, laun og ráðningarkjör, og skiptir verkum milli þeirra.

17. gr.

Framkvæmdarstjórnin hefir á hendi hina daglegu stjórn málefna félagsins, eftir því sem nánara er fyrirmælt í reglugerð bankans, og eftir ákvörðunum fulltrúaráðsins.

Framkvæmdarstjórnin ræður útibússtjóra, aðalbókara og aðalgjaldkera, bæði við aðalbankann og í útibúunum, með samþykki fulltrúaráðsins, og vikur þeim frá. Ennfremur ákveður framkvæmdarstjórnin laun starfsmanna bankans, að fengnu samþykki fulltrúaráðs.

18. gr.

Eigi mega framkvæmdarstjórar félagsins hafa embættisstörf á hendi, ekki reka sjálfir atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

Eigi mega framkvæmdarstjórnir vera skuldskeyttir félaginu, hvorki skuldunautar né ábyrgðarmenn annara.

C. Um hluthafafundi.

8

5. apríl

19. gr.

Aðalfundur hluthafa skal haldinn í júlímánuði ár hvers, þó fyrst í júlímánuði 1931.

Aukafundir verða haldnir samkvæmt ályktun um það, annaðhvort á aðalfundi eða af fulltrúaráðinu.

Hluthafafundir skulu haldnir í Reykjavík.

20. gr.

Til hluthafafundar skal boðað með eigi minna en 4 vikna fyrirvara, talið frá síðari auglýsingu. Til aukafundar má þó boða með viku fyrirvara, ef fulltrúaráðinu virðist brýn nauðsyn til bera. Fulltrúaráðið boðar til funda.

Fundarboðanir og aðrar slíkar auglýsingar frá félaginu til hluthafa skal birta tvisvar sinnum í blaði því, er löggilt er til að birta stjórnarvaldaauglýsingar á Íslandi, annars eru þær ekki gildar. Svo má og birta þær í öðrum blöðum eftir því sem fulltrúaráðinu þykir henta.

21. gr.

Í auglýsingum um fundarboð skal tilgreina dagskrá fundarins, og má eigi greiða atkvæði á fundinum um önnur efni en þau, er tekin hafa verið upp í hina auglýstu dagskrá, og breytingartillögu við þau.

Tillögur frá hluthöfum er fulltrúaráðinu skylt að taka á dagskrá á hluthafafundi þeim, er boðað er til næst á eftir að þær bárust því í hendur, enda séu þær bornar fram skriflega af hluthöfum eða umboðsmönnum hluthafa að 100000 króna hlutafjárins eða þaðan af meira.

22. gr.

Á aðalfundi hluthafa skal þetta tekið fyrir:

1. Skýrsla fulltrúaráðsins um starfsemi félagsins.
2. Framlögð endurskoðuð reikningsuppgjörð með tillögu um hvernig verja skuli ársarðinum.
3. Tillaga um kvittun til framkvæmdarstjórnarinnar fyrir reikningssskil.
4. Kosning fulltrúa í fulltrúaráð, enda þurfi kosning fram að fara samkvæmt 12. gr. samþykktar þessarar.
5. Kosning endurskoðunarmanna.
6. Umræður um önnur mál, er á dagskrá standa, og úrlausn þeirra.

23. gr.

Hluthafafundum stýrir fundarstjóri, er fundurinn sjálfur kýs. Fundararstjóri sker úr öllum formlegum atriðum, er snerta umræður eða atkvæðagreiðslur á fundum.

8 Bóka skal fundargerðir hluthafafundar og skal formaður fulltrúaráðs og
5. apríl fundarstjóri ásamt fundarritara undirskrifa fundarbókina.

24. gr.

Á hluthafafundum hefir hver fundarmaður atkvæði í hlutfalli við þá hlutaupphæð, er hann á eða sýnir umboð fyrir, — 1 atkvæði fyrir hverjar 25 kr.

25. gr.

Hver hluthafi, sem ætlar að neyta atkvæðisréttar síns á hluthafafundi verður í síðasta lagi daginn fyrir fundinn að gera grein fyrir atkvæðisrétti sínum á þeim stað, er fulltrúarráðið hefir tilgreint í fundarboðinu, og fær hann þar aðgöngumiða að fundinum. Skal tilgreint á aðgöngumiðunum hve mörg atkvæði hann hafi. Heimilt er hluthafa að gefa öðrum umboð til að mæta á fundinum fyrir sína hönd og fara þar með atkvæði sín.

Aðrar heimildir til að vera fyrir hönd einhvers hluthafa á hluthafafundi verður að sanna er aðgöngumiða að fundinum er vitjað.

IV. KAFLI.

Um reikningsuppgjörð, endurskoðun reikninga, skipting ágóða og varasjóð.

26. gr.

Starfsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember.

Fyrsta starfsár og reikningsár félagsins er frá stofnun þess til 31. des. 1930.

27. gr.

Ársreikningur félagsins skal fullgerður eigi síðar en í marzmánaðarlok. Yfirlit yfir hag þess skal gert um hver mánaðamót og birt í Lögbirtingablaðinu.

28. gr.

Á aðalfundi hluthafa skulu kosnir 2 endurskoðendur með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Þeir skulu vera bókhaldsfróðir menn og hafa æfingu í endurskoðun reikninga. Að sjálfsögðu mega þeir ekki eiga sæti í fulltrúaráði eða framkvæmdarstjórn félagsins, en að öðru leyti má velja þá jafnt úr hópi hluthafa sem utan. Endurskoðendur skulu rannsaka reikninga félagsins og alla reikningsfærslu á árinu og gera athugasemdir þar að lútandi eftir því sem ástæða er til. Skal endurskoðendum heimill aðgangur að öllum bókum og skjölum félagsins, hvenær sem er á árinu.

Félagsstjórnin skal hafa sent endurskoðendum ársreikning sinn í síðasta lagi 31. marz ár hvert, og ber þeim að skila stjórninni honum aftur ásamt athugasemdum sínum innan mánaðar frá því hann kom þeim í hendur.

Í síðasta lagi tveim vikum fyrir aðalfund skal stjórnin hafa samið svör við

athugasemdum endurskoðendanna og skulu þau liggja hluthöfum til sýnis ásamt ársreikningi.

8
5. apríl

Endurskoðendur fá í laun 2000.00 kr. á ári og auk þess dýrtíðaruppbót eins og starfsmenn bankans.

29. gr.

Áður en ársreikningur er uppgerður, skal stjórn bankans eftir föngum gera sér grein fyrir, hve mikið ætla megi að tapist af skuldum, sem þó þykir eigi ástæða til að afskrifa samtímis. Skal hún gera tillögur til aðalfundar um, hve háa upphæð skuli leggja til hliðar fyrir þessum væntanlegu töpum og dregst sú upphæð frá tekjuafgangi ársins.

30. gr.

Arðinum eftir ársreikningnum, að frádreginni þeirri upphæð, sem ætluð er til afskrifta af eignum félagsins og því sem lagt er til hliðar fyrir væntanlega töpuðum skuldum, skal varið svo sem hér segir:

Ef nettóarður nemur 4% eða minna af hlutafjárupphæð félagsins rennur hann óskiptur í varasjóð. Þegar varasjóður hefir náð þeirri upphæð að hann nemur 50% af hlutafjárupphæð, er þó eigi skylt að leggja í hann meira en 2% af hlutafjárupphæð.

Ágóða fram yfir 4% af hlutafjárupphæð og allt upp í 8%, skal úthlutað til hluthafa í réttu hlutfalli við hlutafjäreign þeirra, þó þannig að hundraðshluti sá, sem greiddur er í arð af hlutabréfum, standi á heilum eða hálfum.

Hagnaði, sem verða kynni fram yfir 8% af hlutafjárupphæð, skal ráðstafað af aðalfundi, að fengnum tillögum fulltrúaráðs.

31. gr.

Fari svo að ársarður hrökkvi eigi fyrir töpuðum skuldum og afskriftum af öðrum eignum, skal það, sem á kynni að vanta, tekið af varasjóði félagsins.

V. KAFLI.

Um breytingar á samþykktum félagsins.

32. gr.

Samþykktum félagsins má breyta á löglegum aðalfundi félagsins, þar sem staddir eru hluthafar, er umráð hafi yfir að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ atkvæða, og sé breytingin samþykkt með $\frac{2}{3}$ atkvæða að minnsta kosti. Hafi eigi verið á fundinum svo margir hluthafar en lagabreytingin samþykkt með $\frac{2}{3}$ atkvæða, skal halda fund aftur innan mánaðar. Skal til hans boðað á venjulegan hátt og það tekið fram, að til fundarins sé boðað af því, að eigi hafi verið nægjanlega

8 margir á hinum fyrri. Séu á þeim fundi greiddir $\frac{2}{3}$ atkvæða með breytingunni
5. apríl öðlast hún gildi, hvort sem margir eða fáir hafa sótt fundinn.

VI. KAFLI.

Um félagsslit.

33. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu og fer þá um tillögur þar að lútandi, sem um lagabreytingar.

Fundur sá, sem samþykkir á lögsmætan hátt að slíta félaginu, kveður og á um, hvernig ráðstafa skuli eignum þess og um greiðslu skulda.

Þannig samþykkt á fyrsta aðalfundi Útvegsbanka Íslands h.f. 4. apríl 1930.

Fulltrúaráð Útvegsbanka Íslands h.f.

Svafar Guðmundsson.

Lárus Fjeldsted.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Magnús Torfason.

Eggert Claessen.

Framanskráð samþykkt staðfestist hérmeð.

Fjármálaráðuneytið, 5. apríl 1930.

Einar Árnason.

Gisli Ísleifsson.